

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggjunnar
Dagsetning fundar: 22. febrúar 2008
Tímasetning fundar: kl. 17:00-19:00
Fundarstaður: Amokka kaffihúsið í Borgartúni Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
P. Linda Guðjónsdóttir (PLG)	Gjaldkeri	Orlof/Hætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Gjaldkeri	Mætt
Þorgerður Valdimarsdóttir (ÞV)	Meðstjórnandi	Mætt
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Breytingar á stjórn Gíggjunnar**

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á aðalstjórn Gíggjunnar. Þórdís Linda Guðjónsdóttir er farin í fæðingarorlof og Puríður Pétursdóttir hefur tekið við hennar embætti sem gjaldkeri. Þorgerður Valdimarsdóttir úr varastjórn er komin inn í aðalstjórn sem meðstjórnandi. Eftirfarandi upplýsingar þarf að uppfæra á vefsetrinu og gera breytingar á símaskrá stjórnar. HG mun sjá um þau mál. Málið er í vinnslu.

2. Fyrirspurn til Gíggjunnar frá Kvennakór Akureyrar vegna Fjölís

Fyrir fundinum lá tölvupóstur með fyrirspurn um Fjölís frá Önnu Lilju í Kvennakór Akureyrar. Hún hefur verið að afla sér upplýsinga um Fjölís og óskaði eftir álitum stjórnar á nokkrum málum. Ákveðið var að SÓ myndi hafa samband við Önnu Lilju símleiðis og veita henni þær upplýsingar sem hún þarf. Ákveðið var einnig að setja frétt á vefsetrið um Fjölís og þá samningsfyrirmynd sem kynnt var fyrir formönnum aðildarkóra Gíggjunnar á landsmóti í Hafnarfirði, árið 2005. SÓ mun skrifa "upplýsinga-frétt" um Fjölís og HG mun koma henni fyrir á vefsetrinu. Málið er í vinnslu.

3. Landsmótslögin á netið

SÓ greini frá því að nótunefnd Gíggjunnar (sjá upplýsingar um hana á vefsetrinu) sé í óðaönn að vinna að því að safna saman öllum þeim lögum sem samin hafa verið sérstaklega fyrir landsmót. Hugmyndin er að gera þessi lög aðgengileg inn á vefsetrinu (á læstu svæði) í samvinnu við Íslenska tónverkamiðstöðina. Búið er að semja bréf til höfunda þessara laga til þess að óska eftir samvinnu þeirra og fá réttin af lögnum. Bréfið var sent síðasta vor en ekkert svar hefur borist ennþá. SÓ mun fylgja þessu máli eftir með símtölum. Málið er í vinnslu.

4. Sækja um styrk til Musica Nova

Ákveðið var að sækja um styrk á þessu ári til Musica Nova. Næst verður auglýst nú í nóvember eða desember og verða þá styrkir veittir í janúar 2009 fyrir frumflutning á verki árið 2009. Ekki er hægt að sækja um styrk á flutningi á verki aftur í tímann. Nýsköpunarsjóður tónlistar - Musica Nova var stofnaður árið 2003 af Tónskáldafélagi Íslands með stofnframlagi frá Reykjavíkurborg. Tilgangur sjóðsins er:

- að stuðla að nýsköpun metnaðarfullrar íslenskrar tónlistar
- að styrkja hin ýmsu svið tónsköpunar og koma þannig til móts við framþróun og aukna menntun á sviði tónlistar
- að auka atvinnuskapandi tækifæri í tónlistarlífi Íslendinga og stuðla þannig að fjölbreyttri menningu.

Í samræmi við tilgang sjóðsins skal úthluta styrkjum úr honum til þöntunar tónverka eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir. Nánari upplýsingar um Musica Nova er að finna á þessu vefsetri: http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-490/894_read-358/

5. Gígjan er aðili að SFH

Gígjan er orðin aðili að SFH, Sambandi flytjenda og hljómplötuframléiðenda. 20. október 2007 (rétt fyrir aðalfund Gíggjunnar) barst stjórn tölvupóstur frá Margréti Bóasdóttur með fréttum af stöðu mála vegna umsóknar Gíggjunnar til SFH:

"...Nú eru loks komnar fréttir af fjármálanum hvað ykkur varðar, frá Samtökum flytjenda og framléiðenda. Ég hef reynt að halda þessu vakandi fyrir ykkar hönd og með smáþrýstingi vegna aðalfundarins, var gengið frá þessu í dag, -föstudag- og Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SFH bað mig að koma þessum fréttum til ykkar. Þar hefur verið mikið annríki vegna útrásarmála, nýrrar útflutningskrifstofu tónlistar og uppstokkunar allra réttindamála, sem helst felast í því að á næsta ári verður byrjað að úthluta svokallaðari einstaklingsúthlutun, skv. miklu tölvuskráningarforriti. Þetta þýðir að skilgreining og skipting tekna verður mjög breytt og væntanlega fá öll félagasamtök mun minna í sinn hlut á eftir, en einstakir hljómlistarmenn meira, enda þeirra tónlist þá meira spiluð skv. mælingum. Því hefur verið ákveðið að áætla greiðslu til Gíggjunnar fyrir þessi 2 ár sem þið eigið inni, þar sem alltof kostnaðarsamt er að reyna að reikna út hlutfall leikinnar kvennakóratónlistar í fjölmöldum, þegar hvort sem er þarf að setja allt inn í nýtt kerfi. Gengið var frá því að greiða Gíggjunnni kr. 500.000.- fimm hundruð- þúsund, eða sem svarar 250 þús. pr. ár. Þetta er fundið út frá þeim greiðslum sem önnur kórasamtök fá..."

Eftirfarandi bréf frá Gunnari Guðmundssyni framkvæmdarstjóra SFH barst svo í janúar 2008:

SFH SAMBAND FLYTJENDA OG HLJÓMPLÖTUFRAMLÉIÐENDA


Gígjan, landssamband íslenskra kvennakóra
Blikastíg 5
255 Álftanesi

Seltjarnarnesi 5. desember 2007

Efni: Aðild Gíggjunnar að SFH

Á síðasta aðalfundi SFH fyrr á árinu var endanlega staðfest aðild Gíggjunnar að SFH ,en aðildarumsókn Gíggjunnar hafði fyrst verið tekin fyrir á aðalfundi SFH 2006 og samþykkt með tilteknum skilyrðum. Jafnframt mun Gíggjunnni úthlutað samtals kr 500.000. vegna réttinda fyrri ára.

Virðingarfyllst,
F.h. stjórnar SFH


Gunnar Guðmundsson framkvstj.

6. Umsókn frá Uppsveitarsysturum um aðild að landssambandinu

Umsókn barst frá Uppsveitarsysturum um aðild að Gígjunni þann 5. nóvember 2007. Elín Jóna Traustadóttir er formaður kórsins og stjórnandi er Magnea Gunnarsdóttir. Umsóknin var tekin fyrir og samþykkt.

7. Umsókn frá Kvinnakór Öldutúns um aðild að landssambandinu

Umsókn bars frá Kvinnakór Öldutúns um aðild að Gígjunni 7. nóvember 2007. Ólöf Snæhólm Baldursdóttir er formaður kórsins og stjórnandi Brynhildur Auðbjargardóttir. Umsóknin var tekin fyrir og samþykkt.

8. Umsókn frá Lillukórnum á Hvammstanga um aðild að landssambandinu

Umsókn barst frá Lillukórnum um aðild að Gígjunni 10. nóvember 2007. Kristín Jóhannesdóttir er formaður kórsins og stjórnandi hans er Guðjón Pálsson. Umsóknin var tekin fyrir og samþykkt.

9. Umsókn frá Kvinnakórnum Léttuveit Reykjavíkur um aðild að landssambandinu

Umsókn bars frá Léttuveit Reykjavíkur um aðild að Gígjunni 17. janúar 2008. Margrét Þorvaldsdóttir er formaður kórsins og stjórnandi er Jóhanna V. Þórhallsdóttir. Umsóknin var tekin fyrir og samþykkt.

10. Umsókn frá Glæðunum um aðild að landssambandinu

Umsókn barst frá Glæðunum um aðild að Gígjunni 15. febrúar 2008. Halldóra Guðmundsdóttir er formaður kórsins og Arnildur Valgarðsdóttir stjórnandi hans. Umsóknin var tekin fyrir og samþykkt.

11. Fimm nýjir aðildarkórar, kynning og upplýsingaöflun

Á fundinum voru samþykktar umsóknir frá 5 nýjum kvinnakórum. Ákveðið var að senda þeim öllum formlegt svarbréf í pósti og skrifa frétt um inngöngu þeirra inn í Gígjuna fyrir vefsetrið. Safna þarf upplýsingum um þessa kóra til þess að setja inn á vefsetrið undir linkinn "Aðildarkórar". HG mun sjá um þau mál. Málið er í vinnslu. Eftir því sem stjórn Gíggjunnar hefur upplýsingar um þá eru 5 kvinnakórar sem standa fyrir utan Gígjuna: Regnbogakonur, Kvinnakórinn á Siglufirði, Kvinnakór Háskóla Íslands, Íslenski Kvinnakórinn í Kaupmannahöfn og Senjorítur Kvinnakórs Reykjavíkur. Haft verður aftur samband við þessa kóra næsta haust og þeim boðið að gerast aðildarkórar Gíggjunnar.

12. Jólalag Gíggjunnar 2008, hugmynd frá Sigurbjörgu Aðalsteinsdóttur

Ákveðið var á stjórnarfundi 21. maí 2007 að hrinda í framkvæmd hugmynd Sigurbjargar Aðalsteinsdóttur (Vox feminae) að Gígjan láti semja fyrir sig jólalag. Hér er hluti af bréfi Sigurbjargar þar sem hún gerir frekari grein fyrir þessari hugmynd sinni:

"...Mér þykir mjög vænt um að þið skylduð taka þessari hugmynd svona vel. Ég vil leggja til að Jón Ásgeirsson, tónskáld verði fenginn til verksins. Hann verður áttæður í október á næsta ári og væri gaman að frumflytja verk eftir hann á afmælisárinu. Hann hefur samið tvö jólalög, fyrir einsöngvara - en ekki fyrir kvinnakór. Mín hugmynd um flutning var sú að þeir kvinnakórar í Gíggjuni sem vilja æfa og flytja verkið frumflyttu á sama tíma, þ.e. fyrsta sunnudag í adventu sem er 30. nóvember annaðhvort fyrir eða eftir hádegi. Hver kór fengi að syngja verkið t.d. sem stólvers í sinni sóknarkirkju eða annarri kirkju. Þetta yrði viðburður sem myndi rata í fjölmiðla, með dyggri hjálp okkar, að sjálfsögðu, og vekja athygli á blómlegu starfi kvinnakóra á öllu landinu..."

Staðan á þessu máli er: Búið er að semja við Jón Ásgeirsson tónskáld og hann hefur tekið verkið að sér. Ákveðið var að skrifa bréf sem sent verður á póstlistann til að kynna þetta verkefni einnig að skrifa frétt um málið fyrir vefsetrið. HG mun taka það að sér. Málið er í vinnslu.

13. Sækja um styrk til Menntamálaráðuneytisins

Ákveðið var að sækja um styrk til Menntamálaráðuneytisins vegna Jólalags Gíggjunnar 2008. ÞP mun undirbúa umsóknina fyrir hönd stjórnar Gíggjunnar. Málið er í vinnslu.

14. Hafa samband við aðildarkórana

Ákveðið var að stjórnin hefði samband við sína kóra til að heyra í þeim hljóðið, afla upplýsinga og kynna sérstaklega fyrir öllum formönnum jólagag Gíggjunnar 2008. Settur var saman tékklisti og ákveðið að allir stjórnarmenn eigi að vera búnir að heyra í sínum kórum fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður í lok mars.

Tékklistinn inniheldur eftirfarandi atriði:

- Óformleg skoðanakönnun á félagsgjöldum og fjölda æfinga.
- Fá myndir fyrir vefsetrið af nokkrum kórum.
- Óska eftir fréttum af starfi kóranna fyrir vefsetrið.
- Kynna nýjan link á vefsetrinu – Landsmót.
- Kynna fyrir nýjum kórum hvar fundargerðir eru geymdar á vefsetrinu.
- Óska eftir hugmyndum að skoðanakönnun fyrir vefsetrið.
- Yfirfara upplýsingar undir “Aðildarkórar” og leiðrétta það sem þarf.
- Kynna “Jólagag Gíggjunnar 2008” og hugmyndir að frumflutningi þess fyrsta sunnudag í aðventu (30. nóvember 2008).

Aðildarkórar Gíggjunnar hafa eftirfarandi tengiliði:

Freyjukórinn í Borgarfirði - Þorgerður Valdimarsdóttir

Glæðurnar – Sigrún Óskarsdóttir

Gospelsystur Reykjavíkur - Dagbjört Sigurbergsdóttir

Heklurnar – Heiða Gunnarsdóttir

Jórukórinn - Dagbjört Sigurbergsdóttir

Kvennakór Akureyrar - Heiða Gunnarsdóttir

Kvennakór Bolungarvíkur (frí í vetur) - Sigrún Óskarsdóttir

Kvennakórinn Embla - Þorgerður Valdimarsdóttir

Kvennakór Garðabæjar - Þorgerður Valdimarsdóttir

Kvennakór Hafnafjarðar - Þorgerður Valdimarsdóttir

Kvennakór Hornafjarðar - Heiða Gunnarsdóttir

Kvennakór Kópavogs - Heiða Gunnarsdóttir

Kvennakór Reykjavíkur - Sigrún Óskarsdóttir

Kvennakór Suðurnesja - Dagbjört Sigurbergsdóttir

Kvennakór Öldutúns - Þuríður Pétursdóttir

Kvennakórinn Léttuveit Reykjavíkur - Dagbjört Sigurbergsdóttir

Kvennakórinn Ljósbrá - Þorgerður Valdimarsdóttir

Kvennakórinn Norðurljós - Þuríður Pétursdóttir

Kvennakórinn Seljurnar - Sigrún Óskarsdóttir

Kvennakórinn Ymur - Þuríður Pétursdóttir

Kyrjukórinn Þorlákshöfn - Sigrún Óskarsdóttir

Kyrjurnar - Þuríður Pétursdóttir

Lillukórinn - Þuríður Pétursdóttir

Sandlóurnar (frí í vetur) - Þuríður Pétursdóttir

Uppsveitarsystur - Sigrún Óskarsdóttir

Vox feminae - Dagbjört Sigurbergsdóttir

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund Gíggjunnar, föstudaginn 28. mars kl. 17:15.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.